

Fundargerð 8. stjórnarfundar

Vatns- og fráveitufélags Íslands, VAFRÍ

Haldinn: Langholt, VRÍI, HÍ.

Tími: 26. febrúar 2013 kl. 9.15-10:00

Viðstaddir: Aldís Ingimarsdóttir (AI), Hrund Ó. Andradóttir (HÓA) og Íris Þórarinsdóttir (ÍP).

Fjarverandi: Dagur Jónsson (DJ) og Jónas Elíasson (JE).

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar
 2. Dagskrá málþings um neysluvatnsöflun á Íslandi (DJ, AI)
 3. Fræðsluefni og kynningarmál
 4. Önnur mál.
-

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð síðasta fundar var yfirfarin og samþykkt.

2. Dagskrá málþings um neysluvatnsöflun á Íslandi.

AI lagði fram tillögu að dagskrá málþingsins en AI og DJ hafa unnið að gerð hennar. Málþingið verður 11. apríl milli klukkan 13 og 17 í stofu M105 í Háskólanum í Reykjavík. Á dagskrá eru samtals 7 fyrirlesarar. Farið var yfir dagskrána, rætt um efni og tímasetningar. Samþykkt var að senda á alla fyrirlesara dagskránna og kalla eftir heiti á erindi þeirra ásamt beiðni um að gera ágrip af erindinu með helstu atriðum. Óskað verður eftir að það ágrip berist fyrir páska. HÓA mun senda AI „template“ af slíku ágripi etir fundinn. Það verður síðan sent til fyrirlesaranna ásamt dagskránni. Stefnt er að því að dagskráin verði tilbúin í auglýsingu í næstu viku.

3. Fræðsluefni og kynningarmál

Heimasíða félagsins: <http://www.vafri.hi.is/>

Frekari vinna við fræðsluefni á heimasíðuna mun bíða þar til eftir málþing. Ljóst er þó nemendur Maríu í HÍ hafa ekki tíma á næstunni til að vinna verkefni tengd heimasíðunni en HÓA mun kanna það aftur síðar í vor.

Facebook síða VAFRÍ: HÓA og ÍP munu skoða betur þessa síðu og hvernig best er að standa að henni.

4. Önnur mál

4.1 Innheimta félagsgjalda

Íþ hefur sent vefpóst til félagsmanna með beiðni um að greiða gjaldið áður en farið verður i innheimtu í gegnum banka.

4.2 Málþing á degi vatnsins, 22.mars

HÓA situr í vísindanefndinni sem kemur að skipulagningu málþings á degi vatnsins 22. mars n.k. Hún kynnti dagskrá málþingsins í grófum dráttum. Fram kom að þingið fjallar aðallega um mengun og umhverfismál. Það er því alls ekki að skarast efnislega á við málþing VAFRÍ sem haldið verður í apríl. Þeir aðilar sem standa að málþinginu 22. Mars munu birta grein eða kynningu á ýmsu varðandi vatn í dagblöðunum. VAFRÍ bauðst að taka þátt í því.

4.3 Aðalfundur VAFRÍ

Stefnt er að því að halda aðalfund félagsins 30. apríl n.k. Núverandi stjórnarmenn þurfa að huga að því hverjir vilja sitja áfram og hverjir munu hætta fyrir næsta fund. Á aðalfundi er lagt til að haldin verði tvö erindi áður en hefðbundin aðalfundastörf fara fram. Annað um flóðahandbókina og hitt um vatnsöflun í Noregi. Al mun hafa samband við Svein Þórólfsson í Noregi varðandi það þetta skipulag.

Fundi var lokið um kl. 10:00

Næsti fundur verður 12. mars 2013. Klukkan 9:15. Þá verður lögð áhersla á hvernig staðið verður að því að auglýsa málþingið.

Fundarritari: Aldís Ingimarsdóttir, aldisi@ru.is